

Aðalfundur LSG 31. maí 2022

Fundarstjóri: Jakob Falur Garðarsson

1. Skýrsla stjórnar

Ingvi Stígsson, formaður LSG, flutti skýrslu stjórnar LSG. Skýrslan var samþykkt samhljóða.

2. Lagður fram óendurskoðaður ársreikningur

Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri LSG, flutti skýrslu gjaldkera. Ársreikningur er fyrir árið 2021, 1.1.-31.12. Tekjur voru samtals kr. 345.235 fyrir árið 2021. Gjöld voru kr. 93.373 fyrir árið 2021. Höfuðstóll eftir árið 2021 er kr. 1.823.444.

Reikningar fyrir árið 2021 voru samþykktir samhljóða með fyrirvara um smávægilegar breytingar við endurskoðun.

3. Lagabreytingar

Laganefnd var skipuð af; Jakob Falur Garðarsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Erling Ásgeirsson. Löggin eru á vefnum; www.hornstrandir.is. Engar lagabreytingartillögur voru settar fram á síðasta aðalfundi.

4. Stjórnarkjör

Kosning var 2021 skv. bráðabirgðaákvæði 12. greinar laga LSG.

Formaður, stjórnarmaður og einn varamaður voru kosnir til tveggja ára árið 2021: Ingvi Stígsson sem formaður, Gunnar H. Kristjánsson í stjórn sem ritari og Sigrún Þorvarðsdóttir sem varamaður í stjórn.

Varaformaður, tveir stjórnarmenn og einn varamaður kosnir til eins árs árið 2021: Sölvi Rúnar Sólbergsson sem varaformaður, Margrét Katrín Guðnadóttir í stjórn sem gjaldkeri, Finnbjörn A. Hermannsson sem stjórnarmaður og Jósef Vernharðsson sem varamaður í stjórn.

Árið 2022 sitja áfram í eitt ár til viðbótar Ingvi Stígsson formaður, Gunnar H.

Kristjánsson ritari í stjórn og Sigrún Þorvarðsdóttir varamaður í stjórn.

Til áframsetu í stjórn til tveggja ára buðu sig fram Sölvi Rúnar Sólbergsson sem varaformaður, Margrét Katrín Guðnadóttir í stjórn sem gjaldkeri, Finnbjörn A.

Hermannsson sem stjórnarmaður og Jósef Vernharðsson sem varamaður í stjórn.

Voru þau samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

5. Kjör tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Jónína Vala Kristinsdóttir og Unnur Friðriksdóttir voru kosnar 2021 sem skoðunarmenn reikninga til tveggja ára. Þær óska eftir því að fá senda reikninga með að lágmarki viku fyrirvara. Skoðunarmenn til vara eru Jakob Falur Garðarsson og Smári Sveinsson.

6. *Tekin ákvörðun um árgjald félagsins*

Tillaga kom um óbreytt árgjald kr. 1200.

Samþykkt samhljóða að halda árgjaldinu óbreyttu kr. 1200. Krafa verður stofnuð í heimabanka félagsmanna og því bætist við kostnaður vegna bankainnheimtu, u.þ.b. 300 kr.

7. *Önnur mál:*

Ingvi Stígsson, formaður LSG, kom fram með Áskorun aðalfundar varðandi aðalskipulag og spunnust nokkrar umræður og var síðan þessi Áskorun samþykkt af öllum fundarmönnum:

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps, haldinn 31. maí 2022, minnir á áskorun aðalfundar 23. maí 2018, þar sem skorað er á Ísafjarðarbæ að hefja vinnu við rammahluta aðalskipulags sem fyrst og að verklok yrðu það tímanlega að þau nýttust við endurskoðun aðalskiplagsins. Aðalfundurinn harmar að endurskoðun aðalskipulags hefur dregist fram úr hófi og leggur áherslu á að vinnu verði komið aftur af stað hið fyrsta og að unnið verði við rammahluta aðalskipulags eða þéttbýlisuppdrátt þar sem það á við, svo ljós sé staðsetning lykinnviða, s.s. göngustíga, brúa, tjaldsvæða, bryggja og annarra innviða, í samráði við landeigendur.

Ingvi Stígsson, formaður LSG, kom einnig fram með þessa ályktun aðalfundar varðandi sorpmál og spunnust umræður á meðal fundarmanna og var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps, haldinn 31. maí 2022, skorar á Ísafjarðarbæ að endurskoða sorpeyðingargjald sem lagt er á sumarhús í fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurbreppum. Aðalfundurinn telur t.a.m. ósanngjarnt að íbúar sveitarfélagsins og nágrennasveitarfélaga sem eiga sumarhús séu að greiða sorphirðugjald af heimili sínu og sorpeyðingargjald af sumarhúsi í sama sveitarfélagi, þegar ljóst er að aðeins annað er notað í einu. Óskað er eftir því að Ísafjarðarbær geri grein fyrir kostnaði og tekjum vegna sorpeyðingargjalda á svæðinu og hvernig tekið sé tillit til kostnaðar sem komi til vegna ferðamanna sem noti sorpgámana til jafns við þá húseigendur. Það hafa komið fram ábendingar um að sorpílát séu yfirfull þegar sumarhúsaiegendur ætli að nota sér þau og endar þá sorpið úr dvölinni með heimilissorpinu.

Umræður voru um flugvélalendingar í Friðlandinu og umferð ferðamanna.

Alls sátu 18 manns fundinn, þar með taldir stjórnarmenn, staðfesting fundargesta á setu sinni á Aðalfundi 2022 er í viðauka.

Fundi slitið kl. 18:35

Sigrún Þorvarðsdóttir, varamaður í stjórn LSG, ritaði fundinn,
í forföllum Gunnars H. Kristjánssonar, ritara LSG

Stjórn LSG

Ingvi Stígsson

Horni, formaður

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Hesteyri, varaformaður

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Sæbóli og Efri Miðvík, meðstjórnandi

Gunnar H. Kristjánsson

Látrum, ritari

Margrét Katrín Guðnadóttir

Fljótavík, Gjaldkeri

Varamenn:

Jósef Vernharðsson

Fljótavík

Sigrún Þorvarðsdóttir

Látrum og Neðri-Miðvík

Sjá mætingarlista á næstu blaðsíðu:

Afalfundur LSG
31.5.2022

Ingur Stigsson

Magnuslundur

Sigrún Þorvaldsdóttir

Sigrún Þorvaldsdóttir

Jakob Guðmundsson

Ólafur Hermannsson

Unnir Þ. Fríðriksson

Ólafur H. Jónsson

Birna Þorvalds
Jón Þ. Þorvalds

Hafli Hálvarsson

Hilmar R. Þorvaldsson

Ingur H. Vilhjálmsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

Alexander L.

Hallgrímur Kristjánsson

Jónína Þ. Kristjánsson

Sveinn Þorvaldur Hermannsson

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 31. maí 2022

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið

31. maí 2021 til 31. maí 2022.

1. Aðalfundur LSG haldinn 31. maí 2021

Á aðalfundi 2021 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára:

- Ingvi Stígsson, formaður, Horni
- Gunnar Kristjánsson, ritari, Látrum
- Sigrún Þorvarðsdóttir, varmaður, Látrum og Neðri-Miðvík

Til eins árs voru kosin

- Sölvi Rúnar Sólbergsson, varaformaður, Hesteyri
- Margrét Guðnadóttir, gjaldkeri, Fljótavík
- Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi, Sæbóli og Efri-Miðvík
- Jósef H. Vernharðsson, varamaður, Fljótavík

Skoðunarmenn reikninga voru kosin til tveggja ára 2021

- Jónína Vala Kristinsdóttir, Sæbóli Aðalvík
- Unnur Friðriksdóttir, Látrum Aðalvík

Til vara

- Sveinn Smáráson, Þverdal
- Jakob Falur Garðarsson, Kvíum

Verkaskipting stjórnar hélst óbreytt.

Á aðalfundi 2019 voru gerðar breytingar á lögum og á aðalfundi 2021 var kosið skv. bráðabirgðaákvæði, eftir þennan fund verða breytingarnar komnar að fullu til framkvæmda. Nú verða kosnir varaformaður, tveir meðstjórnendur og annar varamaður til tveggja ára.

2. Stjórnarfundir

Félagið hefur haldið 2 stjórnarfundum á tímabilinu. Hefur stjórn haldið sig við fjarfundarsnið á fundum og hefur það gengið með ágætum.

Á fundi 17. nóvember var farið yfir stöðu á endurskoðun á aðalskipulagi og gerð rammaskipulags fyrir nokkur svæði. Ákveðið var að óska eftir því að fá kynningu fyrir félagsmenn landeigendafélagsins. Jafnframt var ákveðið að óska eftir fundi í Hornstrandanefnd um endurskoðun aðalskipulagsins. Farið var yfir mögulega endurskoðun á reglum í stjórnar- og verndaráætlun og að kalla eftir athugasemdum við gildandi stjórnunar- og verndaráætlun. Beiðni barst frá ljósmyndara sem vildi dvelja í tjaldi á Hornströndum í febrúar/mars og mynda ref á fengitíma. Var viðkomandi bent á Umhverfisstofnun.

Á fundi 12. maí var undirbúini aðalfundur, farið yfir fund Hornstandanefndar og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.

3. Hornstrandanevnd

Í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, Hornstrandanevnd, sátu á tímabilinu sem fulltrúar LSG Ingvi Stígsson, Sölvi Sólbergsson og Margrét Katrín Guðnadóttir. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru Andrea Sigrún Harðardóttir og Birgir Gunnarsson bæjarstjóri. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Ósk Jónasdóttir, umsjónarmaður friðlandsins.

2 fundir voru haldnir í Hornstrandanevnd á tímabilinu.

Á fundi 26. nóvember var farið yfir sumarið 2021. Fjöldi göngumanna jókst mikið miðað við sumarið áður. Umsjónarmaður friðlandsins fór yfir verkefni sem ætlunin er að vinna í 2022:

- Hrafnfjarðarbrúin
- Göngupallar í Veiðileysufirði
- Göngustígar í Hornvík
- Brú yfir Hesteyrará
- Bryggja á Hesteyri
- Húsnæði landvarðar og hreinlætisaðstaða gesta á Hesteyri - hugsanleg kaup á Búðinni á Hesteyri

Einnig að ætlunin væri að sækjast eftir styrki í fræðsluskilti, vörðuhleðsluverkefnum, áhættumati vegna jarðskriðs, sérfræðiaðstoð vegna erfiðra svæða, s.s. Svaðaskrað, Miðfell og Tröllakambur í Hornvík.

Einnig var rætt um endurskoðun á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og endurskoðun á fjöldatakmörkun.

Undir önnur mál var farið yfir þörf á að gera mengunarmælingar á Straumnesfjalli og Látrum í Aðalvík. Rætt var um nýjar eða breyttar gönguleiðir í Veiðileysufirði og hjáleid framhjá Tröllakambi.

Á fundi 31. mars 2022 var farið yfir 1. gr. auglýsingar 332/1985 sem segir að allt jarðrask sé háð leyfi Umhverfisstofnunar og rædd um þá framkvæmd að Umhverfisstofnun hafi ekki haft afskipti þegar húseigendur fari í framkvæmdir við hús innan lóða/raskaðs svæðis.

Afgreidd var heimild til byggingar á skemmu með fyrirvara um afgreiðslu Ísafjarðarbæjar.

Farið var yfir framkvæmdir sumarsins í Veiðileysufirði, Hrafnfirði, Hornvík og Hesteyri.

Greint var frá úthlutun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða 2022. Farið verður í vörðuhleðslur og lagfæringar á göngustígum í Hælavík og Tunguheiði. Fræðslu- og öryggisskilti á Stekkeyri, Höfn og Straumnesi. Unnið verður í sömu verkefnum 2023 og 2024.

Starfsmenn sumarsins verða Vésteinn, Pernilla, Lydía og Evlalía auk Kristínar.

Farið var yfir þyrlulendingu í Fljótavík og dóm Landsréttar. Einnig var rætt um snjósleðaferðir.

Rætt var um endurskoðun hópastærða. Að lokum var ítrekuð ósk um að fundargerðir Hornstrandanevndar verði birtar á vef Umhverfisstofnunar.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun

Rætt var nokkuð um endurskoðun á hópastærðum og ákveðið var að breyta þeim ekki að sinni. Þó er að einhverju leyti vilji til að stækka hópastærðir upp í 25 manns. En á móti eru efasemdir um þol göngustíga á nokkrum stöðum.

Þyrlulending í Fljótavík - lögfræðingar UST og umhverfisráðuneytis fór fyrir Landsrétt sem sneri við niðurstöðu Héraðsdóms og staðfesti þar með reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildi til 2020. Vinna við endurskoðun á því hófst seint og gengur hægt. Búið var að halda fjarfundi 2020 fyrir Hesteyri, Sæból og Látra þar sem landeigendum var boðið að mæta.

Síðan þá hefur ekkert lítið gerst og ljóst er að endurskoðunin er talsvert á eftir áætlun.

6. Þjóðlendur

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins lagði fram kröfur um þjóðlendur haust 2020. Kröfurnar eru víðfemar og þó á fundum hjá LSG hafi verið bent á að þær gætu orðið meiri en á fyrri svæðum þá fóru þær fram úr öllu sem búist var við. Þrennt vinnur gegn svæðinu:

- Ný lögmannsstofa, sem er e.t.v. að finna svolítið upp hjólið að nýju
- Bruni skjalasafns sýslumannsins á Ísafirði 1924, en 29. febrúar það ár brann fangahúsið á Ísafirði og með því skjalageymsla sýslumanns og bæjarstjórnar
- Sléttuhreppur varð mannlauus 1952 og engin sveitarstjórn starfandi eftir það

Undantekningar eru ríkið í tilfellið Staðar í Aðalvík, Hlöðuvíkur, Hælavíkur og Látravíkur og landeigendur í Skáladal.

Flestir landeigendur hafa gert gagnkröfur.

- Áfsstaðir í Hrafnfirði
- Kvíum við Lónafjörð
- Veiðileysufirði
 - Steig
 - Steinólfsstaðir
 - Marðareyri,
- Hesteyri
- Slétta
- Aðalvík
 - Sæból
 - Garðar
- Þverdalur
- Efri-Miðvík
- Tunga í Fljótavík
- Hornvík
 - Rekavík bak Höfn
 - Höfn
 - Horn
- Austurstrandir
- Bjarnarnes
- Smiðjuvík
- Bolungavík
- Furufjörður

Fylgiskjöl

Fundargerðir stjórnarfunda Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps

Dreift á aðalfundi og/eða birt rafrænt á www.hornstrandir.is eftir samþykki.

- Fundur 17. nóvember 2021
- Fundur 12. maí 2022

Fundargerðir Hornstrandanefndar [með fyrirvara]

Dreift á aðalfundi en ekki rafrænt.

- Fundur 26. nóvember 2021
- Fundur 31. mars 2022

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Rekstrarreikningur

1.1.2021-31.12.2021

Tekjur

Árgjald og innheimtugjöld	340.500 kr.
Vaxtatekjur	5.035 kr.
Tekjur samtals	345.535 kr.

Gjöld

Vefur	11.212 kr.
Fundarkostnaður	47.637 kr.
Þjónustugjöld og póstkostnaður	19.710 kr.
Fjármagnstekjuskattur	1.109 kr.
Gjöld samtals	79.668 kr.

Rekstrarafgangur **265.868 kr.**

Efnahagsreikningur

31.12.2021

Eignir

Veltureikningur	348.143 kr.
Vaxtareikningur	1.516.239 kr.
Eignir samtals	1.864.382 kr.

Skuldir og eigið fé

Skuldir	- kr.
Eigið fé	1.864.382 kr.
Skuldir og eigið fé samtals	1.864.382 kr.


Höfuðstóll


Höfustóll 1.1.2021	1.571.582 kr.
Rekstrarafgangur	265.868 kr.
Höfustóll 31.12.2021	1.837.449 kr.


Reykjavík, 31.05 2022

Við höfum athugað reikningana og gerum ekki athugasemdir


Jónína Vala Kristinsdóttir, skoðunarmaður reikninga


Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri


Unnur Friðriksdóttir, skoðunarmaður reikninga


Ingvi Stígsson, formaður